

Sp.

141. Tillaga til þingsályktunar

[119. mál]

um sparnað í fjármálakerfinu.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu. Skal stjórnin, að loknu jólaleyfi alþingismanna, leggja fram tillögur um fækkun starfsmanna ríkisbanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins og opinberra sjóða um allt að fjórum hluta og sámræmdar aðgerðir til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar, b. á m. um sameiningu lánastofnana, skorður við óhóflegum byggingum og fækkun afgreiðslustöðva.

Greinargerð.

Alþjóð er ljóst, að nú er þörf aðhaldsaðgerða í fjármálum. Sú kaldhæðnislega staðreynd blasir þó við, að fjármálastofnanir hafa þanist einna mest út allra ríkisfyrirtækja á sama tíma sem sparifjármýndun minnkar. Leiðir hér sem oftast óstjórn af ofstjórn. Við þetta verður ekki unað.

Tillögumönnum er ljóst, að meðal stjórnenda bankamála eru ýmsir hæfileikamestu menn þessarar þjóðar. Flutningur þessa máls er ekki aðför að þeim, heldur liðveisla við þá, enda engum ljósara en þeim, hvar skórinn kreppir. Þó bendir flest til þess, að aðgerðir á borð við þær, sem hér er lagt til að ríkisstjórnin hafi forustu um séu nauðsynlegar, ef úr úlfakreppunni á að brjótask.

Eftirspurn lánsfjár er ótakmörkuð við rikjandi lánskjör. Bankar hafa einn og sama verðmæli, óraunhæfan verðmæli. Samkeppni þeirra verður því um það eitt að ná til sín stærri hlutdeild sparifjárins. Herkostnaðurinn í stríðinu við að afla auranna vex, verðmætaaukning er engin, en kostnaðaraukning mikil. Hagur viðskiptamanna versnar við þá andhverfu heilbrigðrar samkeppni, sem hér er á ferðinni, og aðstaða skömmunarstjóra nútímans er ekki aðlaðandi.

Sjóðakerfið og hagstjórnarbaknið í heild þarf líka að taka til gagngerðrar endurskoðunar, enda enginn efi á því, að þann frumskóg má grisja, engum til meins, en öllum til góðs. Þessi aðgerð þyrfti að spanna allt sviðið frá Þjóðhagsstofnun til minnsta sjóðsins.

Játað skal, að hægara er hér um að tala en í að komast. Tilraunina ber þó að gera. Kannske ber hún takmarkaðan árangur — þá er að taka því. En enginn héraðsbrestur yrði, þótt markmiðunum, sem tillagan miðar að, yrði að fullu náð.